

Nd.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ábyrgðartryggingarskírteini skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að eigi séu skýr ákvæði í lögum um það, hvernig stimpla beri svo nefnd ábyrgðartryggingarskírteini. Nú hafa innlend váttryggingarfélag byrjað sölu á almennum ábyrgðartryggingum, og er því nauðsynlegt að setja um þetta skýr ákvæði.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ábyrgðartryggingarskírteini skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. ágúst 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.